

43

23. maí

12. gr.

Heimilt er landbúnaðarráðherra að setja með reglugerð samkvæmt tillögum útlutunarnefndar ákvæði, er tryggi réttláta dreifingu stærri og minni dráttarvéla til landbúnaðarþarfa.

13. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerð varða sektum frá 200—10000 kr.

#### Bráðabirgðaákvæði.

Þeir aðilar, sem áður hafa fengið gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir jeppa-bifreiðum, greitt hluta andvirðis fyrir árslok 1947, en ekki fengið bifreiðarnar, skulu ganga fyrir um úthlutun að öðru jöfnu.

*Gjört í Reykjavík, 23. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.  
(L. S.)

Árni Tryggvason.

*Bjarni Ásgeirsson.*

44

25. maí

## L Ö G

um Landsbókasafn.

### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

**gjöra kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Landsbókasafnið er þjóðbókasafn Íslands.

2. gr.

Hlutverk Landsbókasafns er:

1. að annast söfnun og varðveislu íslenzkra rita og rita, er varða Ísland eða íslenzk efni, fornra og nýrra, prentaðra og óprentaðra;
2. að halda uppi safni erlendra bókmennta í öllum greinum vísinda, lista, tækni og samtíðarmálefna;
3. að annast rannsóknir í íslenzkri bókfræði;
4. að vinna að kynningu íslenzkra bókmennta og íslenzkrar menningar á erlendum vettvangi.
5. að efla bókfræðiiðkanir, m. a. með því að gefa landsmönnum kost á að kynna sér innlendar og erlendar bækur, sem í safninu eru.

3. gr.

Landsbókasafn skal þaulsafna öllu prentuðu máli á íslenzku eða því, sem Ísland og íslenzk málefni varðar. Það skal varðveita ónotað eitt eintak af öllu íslenzku prentmáli, sem kostur er á, og skal þeim eintökum fengin sérstaklega örugg geymsla.

## 4. gr.

Landsbókasafnið varðveitir handritasafn og skal vinna að söfnun íslenzkra handrita og erlendra handrita, er varða íslenzk efni, og greiða fyrir rannsókn þeirra og útgáfu. Það skal vinna að öflun eftirrita eða mynda af íslenzkum handritum, ef frumritin eru eigi fáanleg.

## 5. gr.

Landsbókasafn skal halda uppi rannsóknum í íslenzkri bókfræði og gefa út skrár íslenzkra bóka og handrita og önnur rit, er íslenzka bókfræði varða, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum.

## 6. gr.

Landsbókasafn veitir viðtöku skyldueintökum frá íslenzkum prentsmiðjum og annast ráðstöfun þeirra samkvæmt reglugerð.

Safnið skal reka miðstöð bókaskipta við erlend söfn og vísindastofnanir.

## 7. gr.

Landsbókasafn skal hafa samvinnu við Háskólabókasafn og sérfræðibókasöfn, sem ríkisstofnanir og félög eiga, um bókakaup og bókalán. Halda skal uppi sérstakri skráningarmiðstöð fyrir söfn þessi, og má fela Háskólabókasafni forstöðu hennar að fengnu samþykki háskólaráðs.

## 8. gr.

Forseti skipar landsbókavörð. Landsbókavörður stýrir safninu undir yfirstjórn menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar allt að 6 bókaverði, að fengnum tillögum landsbókavarðar.

## 9. gr.

Laun landsbókavarðar og bókavarða fara eftir launalögum.

## 10. gr.

Landsbókavörður ræður bókakaupum til safnsins, eftir því sem fé endist til. Háskólaráð skipar safninu ráðunauta um bókaval, svo marga og í þeim fræðigreinum, sem ástæða þykir til. Starf þeirra er ólaunað.

Landsbókavörður skal leita tillagna ráðunautanna um bókakaup til safnsins.

## 11. gr.

Íslenzk tónverk og prentmyndir falla undir ákvæði laga þessara.

## 12. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um stjórn og starfshætti safnsins, samvinnu þess við önnur bókasöfn og önnur atriði, er ástæða þykir til. Í reglugerð má ákveða viðurlög við brotum notenda á starfsreglum safnsins.

## 13. gr.

Með lögum þessum falla úr gildi lög nr. 56 22. nóv. 1907, um stjórn landsbókasafnsins, og lög 33 4. júní 1924, um sameiningu yfirskjalavarðarembættisins og landsbókavarðarembættisins.

## 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 25. maí 1949.*

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón Pálmason.

Árni Tryggvason.

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*